


Arnarnesvegur frá Fífuhvammssvegi að Rjúpnavegi

Deiliskipulag



DEILISKIPULAGSUPPDRATTUR 1:2000

Greinargerð deiliskipulags

Aðstæður á skipulagssvæðinu og afmörkun svæðis

Deiliskipulagið nær til 1,1 km kafla Arnarnesvegjar frá Fífuhvammssvegi að Rjúpnavegi innan Kópavogs. Það nær yfir veghelgunarsvæði vegarins, stíga og gatnamót að nálægum íbúðarsvæðum. Unnið er að veghönnun breytinga á gatnamótum á vegkaflanum sem eru til þess ætlaðar að auka umferðaröryggi og um leið eru hljóðvarnir, stíga tengingar við þveranir og staðsetningar strætóstöðva yfirfarnar. Deiliskipulagið er unnið af Kópavogsbæ og Vegagerðinni.

Norðan Arnarnesvegjar eru íbúðarsvæði í Salahverfi en sunnan vegarins er golfvöllur. Vegurinn sjálfur er á svæði sem hefur verið raskað og mótað með mannvirkjum og mönum. Vegurinn var fyrst byggður árið 2004 og í kjölfarið voru gerðir stígar beggja vegna. Stígar með veginum til norðurs eru utan veghelgunarsvæðis vegarins en stígar til suðurs eru sumir á mörkum veghelgunarsvæðisins. Stígar meðfram veginum að norðanverðu eru utan deiliskipulagssvæðisins en stígar sunnan við veginn eru innan deiliskipulagssvæðisins. Innan veghelgunarsvæðisins eru engar minjar þekktar og engin ósnortin náttúra til að huga að. Fyrir liggur umhverfismat framkvæmda fyrir þennan kafla Arnarnesvegjar frá 2003 í samræmi við eldri lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Samræmi við aðrar áætlanir


Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er Arnarnesvegur á þessum vegkafla stofnbraut með gatnamótum í plani, undirgöngum og stígum sem þvera í undirgöngum. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Kópavogs m.s.br. Allt í kring um deiliskipulagssvæðið eru deiliskipulagsáætlanir í gildi en ekkert deiliskipulag hefur verið í gildi fyrir Arnarnesveg á þessum vegkafla. Mörkum aðliggjandi áætlanu er fylgt til austurs og vesturs, en gerð verður breyting á mörkum aðliggjandi deiliskipulagi Salahverfis reitir 9 og 11 til norðurs og deiliskipulagi golfvallar í Leirdal til suðurs.

Framkvæmd

Í dag er Arnarnesvegur á þessum vegkafla tvíbreiður með eina akreini í hvora átt og tveimur T-gatnamótum við Sólarsali og Salaveg. T-gatnamótum við Sólarsali er breytt í hægri inn/hægri út til að bæta umferðarflæði og til að auka umferðaröryggi með því að fækka skurðpunktum akandi umferðar. Við Salaveg er skurðpunktum fækkað með því að setja inn hringtorg. Til framtíðar er miðað við að þarna geti orðið fjögurra akreina vegur, tvær akreinar í hvora átt (2+2 vegur) og er hann sýndur fjögurra akreina í deiliskipulagi. Það er sjónarmið Kópavogsbæjar að hámarkshraði á veginum verði 50 km/klst.

Áætlanir gera ráð fyrir að Borgarlina fari um þennan vegkafla til framtíðar og þá í blandaðri umferð með akandi.

Allar stíga tengingar sem þvera Arnarnesveg innan skipulagssvæðisins eru mislægar. Undirgöng fyrir stíga og tengingar yfirfarnar. Staðsetning strætóstöðva milli Fífuhvammssvegs og Sólarsala er óbreytt. Staðsetning strætóstöðvar vestan Salavegar við akreina á leið til austurs er óbreytt. Staðsetning strætóstöðvar sem í dag er austan Salavegar er færð þannig að hún verði vestan hans.



Stofnað hitaveitu liggur undir Arnarnesveg nálægt gatnamótunum við Rjúpnaveg.

Hávaði frá umferð hefur verið kortlagður út frá framtíðarumferð og er gert ráð fyrir hljóðvörnum til að draga úr áhrifum af völdum umferðarhávaða á íbúðabyggð. Miðað er við 50 km hraða á klukkustund, LAeq 2 m yfir jörðu og viðmiðunarár fyrir umferð er 2040. Hljóðmanir eru við veginn í dag. Hávaði er að hluta til yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar við húsveggi á efri hæðum fyrir Rjúpnasali 12 og 14. Niðurstöður sýna að hækkaðar hljóðmanir hafa takmörkuð áhrif á hljóðstigið og er því ekki mælt með því. Deiliskipulag fyrir þessar lóðir kveður ekki á um hljóðvarnir. Hljóðstigið við húsvegg við Roðasali 1 og Rjúpnasali 2 og 4 er yfir viðmiðunarmörkum. Deiliskipulag fyrir Roðasali 1 er með kvöð um að á lóðarmörkum að Arnarnesvegi og Salavegi skuli gera skjólvegg/hljóðvegg í amk. 1,5 m hæð, auk gróðurbelta beggja vegna götu. Ekki eru ákvæði um hljóðvarnir í deiliskipulagi fyrir Rjúpnasali 2 og 4. Fyrir þau hús þar sem efri hæðir eru með hljóðstigi reiknað yfir mörkum getur þurft að gripa til ráðstafana til að tryggja hljóðvist aðrar en hljóðmanir eða veggi.

Deiliskipulag

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að Arnarnesvegur verði tvær akreinar í hvora átt til framtíðar. Á veginum eru tvö gatnamót: hringtorg er við Salaveg en við Sólarsali er hægt að beygja til hægri af Arnarnesvegi inn á Sólarsali og keyra út af Sólarsölum til hægri.

Stígur sunnan Arnarnesvegjar með golfvellingum er hluti af skilgreindum stofnhjólaleiðum á höfuðborgarsvæðinu, eins og þær eru birtar á vef Vegagerðarinnar og hluti af stofnstiganeti hjólréiða í Kópavogi sbr. aðalskipulag. Stígurinn er aðskilinn fyrir gangandi og hjólandi. Útfærsla stofnhjólaleiðanna var unnin af vinnuhópi á vegum Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna sex á höfuðborgarsvæðinu og var litið sérstaklega til samgönguhjólreiða við skipulagningu þeirra. Tvenn undirgöng eru á Arnarnesvegi fyrir stíga.

Borgarlinan mun aka eftir Arnarnesvegi með annarri bílaumferð. Deiliskipulagið sýnir strætóstöðvar en frumdragavinna Borgarlínu á þessum kafla er ekki hafin.

Veghelgunarsvæði Arnarnesvegjar er sýnt á uppdraetti og er það í 30 m fjarlægð frá miðlinu Arnarnesvegjar. Hljóðvarnir eru sýndar norðan og sunnan vegar. Kvöð er sýnd vegna stofnagna, þar sem í dag er stofnað hitaveitu.

Trjágróður, runnar og gróður skulu nýtt til að veita skjól og fegra ásynd.

Þversnið, planlega vega og stíga og fyrirkomulag strætóstöðva getur tekið minniháttar breytingum við fullnaðarhönnun án þess að breyta þurfi deiliskipulagi þessu.

Umhverfisáhrif

Þeir umhverfisþættir sem einkum eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af nýju deiliskipulagi fyrir Arnarnesveg eru **náttúrufar** þar sem áhrif eru metin óveruleg, **heilsa og öryggi** vegna áhrifa af bættu umferðaröryggi, **hljóðvist** og **loftgæði** vegna framtíðarumferðar og **samgöngur og ferðavenjur** vegna breytinga á vegum og stígum.

Áhrif deiliskipulagsins á **náttúrufar** er metið óverulegt þar sem umhverfi vegarins er borgarumhverfi og engin ósnortin náttúra að huga að. Minjar eru engar á deiliskipulagssvæðinu og áhrif á vatnafar líkleg til að vera óveruleg. Frárennsli verður til skoðunar við hönnun tvöföldunar vegarins þar sem skoðað verður að ofanvatn af veginum verði leitt í fráveitukerfi. Áhrif á ásynd og landslag eru talin líkleg til að vera óveruleg þar sem vegurinn er á breiðu veggsvæði milli jarðvegsmána, á svæði sem er tekið frá fyrir veginn.

Áhrif á **heilsu og öryggi** eru jákvæð en í skipulaginu eru gerðar umbætur á gatnamótum sem leiða til aukins umferðaröryggis. Skurðpunktum umferðar er fækkað og hringtorg sett inn í stað T-gatnamóta.

Hljóðvist vegna framtíðarumferðar var reiknuð og staðfesta þeir útreikningar þórf fyrir hljóðmanir sem eru norðan og sunnan vegarins í dag. Hljóðstigið við húsvegg á efri hæðum voru að hluta yfir viðmiðunarmörkum en niðurstöður hljóðreikninga sýna að hækkuð hljóðmana hefur takmörkuð áhrif þar, og því ekki mælt með því. Fyrir þau hús þar sem efri hæðir eru með hljóðstigi reiknað yfir mörkum getur þurft að gripa til ráðstafana til að tryggja hljóðvist með öðrum aðgerðum. Áhrif á hljóðvist eru neikvæð.

Loftgæði verða fyrir áhrifum af framtíðarumferð en almennt eru áhrif á byggð ekki líkleg til að vera veruleg þar sem íbúðarhús og starfsemi er að jafnaði í meira en 40 metra fjarlægð frá Arnarnesvegi, þar sem umferðin er mest. Áhrif á loftgæði eru metin óveruleg.

Áhrif á **samgöngur og ferðavenjur** eru óverulegar vegna þeirra breytinga á Arnarnesvegi sem deiliskipulagið boðar. Áfram er gert ráð fyrir fjölbreyttum ferðamátum og skilvirkum samgöngum fyrir öll.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er hvatt til notkunar á **áhættumati vegna loftslagsbreytinga**. Arnarnesvegur á þessum kafla er staðsettur í tæplega 3 km fjarlægð frá sjó í yfir 100 m hæð yfir sjávarmáli. Hækkun sjávarborðs eða aukin tíðni sjávarflóða er því ekki líkleg til að hafa áhrif á svæðinu. Loftslagsáhrif munu valda aukinni úrkomuákefð sem getur haft áhrif á veghelgunarsvæðinu. Laga þarf fráveitukerfi að því og taka tillit til þessa við hönnun þeirra. Almennt getur aukin úrkomuákefð haft áhrif á skemmdir á vegum, flóð, flóð í ræsakerfum og óstöðuleika undirlags. Með reglulegu viðhaldi samgöngumannvirkja má auka seiglu mannvirkja gagnvart skemmdum á vegum. Skipulagssvæðið er nokkuð berskjaldið fyrir veðri og vindum og er staðsett þar sem ríkja sterkar suðaustlægar áttir. Aukin tíðni ofsavæðurs er áskorun og til að auka skjól í bæjarlandinu eru settir skilmálar um trjágróður en manir veita einnig skjól.

Kynning, samráð og skipulagsferli

Við vinnslu deiliskipulagsins var unnið með þær athugasemdir sem bárust við kynningu skipulagslýsingar. Áfram verður óskað eftir umsögnum frá hagsmunaaðilum þegar tillaga er auglýst.


Skipulagsgögn og kortagrunnur

Skipulagsgögn fyrir svæðið eru þessi:

- Deiliskipulagsuppdráttur 1:2000
- Greinargerð á uppdraetti.
- Hljóðvistakort á uppdraetti og í fylgiskjali.

Kortagrunnur:

Skipulagsuppdráttur er teiknaður í kortagrunni sveitarfélagsins.



HLUTI AÐALSKIPULAGS KÓPAVOGS 2019-2040

SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulagsreits
- Skipulagt svæði
- Vegir
- Göngustígur
- Hjólastígur
- Veghelgunarsvæði
- Hljóðvörn / hljóðmön
- Undirgöng
- Strætóstöð
- Kvaðir um lagnaleið

SAMPYKKTIR

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 40. og 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum var samþykkt í skipulags- og umhverfisráði þann	
og í bæjarstjórn Kópavogsbæ þann	
Lýsingin var auglýst frá	29.05.2025
með athugasemdafresti til	18.06.2025
Tillagan var auglýst frá	
með athugasemdafresti til	
f.h. Kópavogsbæjar	
Auglýsing um gildistöku skipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann	



ARNARNESVEGUR FRÁ FÍFUHVAMMSVEGI AÐ RJÚPNAVEGI	DEILISKIPULAG		
SKJALALYKILL:	BLAÐSTÆRD:	UNNID:	RYNT:
109054	A1	GAL	HB
MÆLIKVARDI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
1:2000	10.10.2025	---	